



EPX-V Golvfärg

Vörunr. 5014

Lýsing

EPX-V Golvfärg (5014) er hágljáandi, vatnspynnaleg og tvíþátta epoxy gólfmálning. Málningin er svo til lyktarlaus og ætluð á gólf innanhúss þar sem krafist er málningar með gott slit- og efnapól. EPX-V Golvfärg Komp A (5014) skal ávallt blanda fyrir notkun með Herðinum EPX-V Golvfärg Komp B (9282) í hlutföllunum 3:1. Athugið að nota ekki herðinn af glæru EPX-V Klarlack (5015).

Notkun

EPX-V Golvfärg (5014) hentar vel á fleti þar sem um mjög mikla áníðslu er að ræða, t.d. á iðnaðar-, lager- og verslunarhúsnæði, bílskúra og þvottahús. Málningin hentar vel til endurmálunar á flestar málningartegundir án þess að hætta sé á því að þær leysist upp.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Glært og NCS-kerfi	Þurrefni: 50 % (rúmmál)
Gljástig: 90	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 1, 4 og 10 lítra	Áhaldahreinsir: Vatn
Efnisnotkun: 7-14 m ² /l	Þurrktími: 6 klst (Golvfärg)
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Yfirmálun: 6 klst
Notkunartími: Blandan notist innan 1,5 klst	Athugið að Klarlack hefur 16 klst.

Undirmálun

Flöturinn er grunnaður með þynntu EPX-V Golvfärg (5014). Það verður að blanda saman stofni og herði fyrir þynningu.

Yfirmálun

Hægt er að lakka yfir með glæru EPX-V Klarlack (5015).

Áhöld

Rúlla eða pensill. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Steingólf þurfa að vera minnst 4 vikna gömul áður en þau eru máluð. Fjarlægið fitu o.þ.h. með olíuhreinsi og volgu vatni eða háþrýstipvotti. Laust bundna sementshúð í yfirborði þarf að fjarlægja og er það best gert með sandblæstri, vélslípun eða saltsýruþvotti. Grunnið 1-2 umferðir með **Golvfärg** (blönduðu með herði) þynntu 10-30% með vatni. Meiri styrkur fæst síðan með 1-2 umferðum af EPX-V Klarlack.

Endurmálun

Fjarlægið olíu, fitu og önnur óhreinindi með olíuhreinsi og volgu vatni eða háþrýstipvotti. Mattslípið gljáandi fleti með sandpappír. Gangið úr skugga um að sú málning sem mála á yfir sé vel föst. Hægt er að mála yfir fleti sem áður voru málaðir með alkýð, epoxy- eða plastþeytu málningarefnum. Grunnið með **Golvfärg** (blönduðu með herði) þynntu 10-30 % með vatni. Málið síðan 1-2 umferðir.

EPX-V með flögum

Flöturinn er meðhöndlaður eins og sést hér að ofan. Flögunum er dreift í blauta málninguna í seinustu umferðinni. Málið lítil svæði í einu og kastið flögunum hátt yfir gólfid. Látið málninguna þorna í einn sólarhring og burstið síðan lausar flögur í burtu. Málið að lokum eina til tvær umferðir með glæru EPX-V Klarlack (5015) allt eftir því hversu mikið álag mun verða á gólfinu. Notið 25-50 g/m² af flögum.

Athugasemdir

- Málið ekki fleti kaldari en + 10 °C.
- Blandan er ónýtt eftir að notkunartími er liðinn (1,5 klst).
- Athugið að **Golvfärg** og Klarlack hafa ólíka herða, þurrktíma og eiginleika.
- Ekki má nota herði af **EPX-V Golvfärg** með glæru EPX-V Klarlack lakki.
- Blandið ávallt herði í stofninn, notið hvorki stofn né herði einan sér!
- Blandið herði og stofn mjög vel og kröftuglega saman í a.m.k. 10-15 mínútur.
- Góð loftræsting og hiti hraðar þurrki og full hersla næst eftir um viku við 20 °C.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímu og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Stofn EPX-V Golvfärg Komp A (3 hlutar)



Inniheldur pólýamínbindiefni.

Hættulegt við inntöku. Hætta á alvarlegum augnskaða. Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita lækis. Notið hlífðargleraugu/andlitsgrímu. Leitið umsvifalaust lækis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

Herðir EPX-V Golvfärg Komp B (1 hlutur)



Inniheldur lágmólpunga epoxybindiefni.

Ertir augu og húð. Getur valdið ofnæmi í sneringu við húð. Berist efnið á húð, skal strax þvo með miklu vatni. Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu / andlitsgrímu. Leitið umsvifalaust lækis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

Geymist þar sem börn ná ekki til.

Framleiðandi vekur athygli á því að ábyrgð hans takmarkast við framleiðslugalla en nær ekki til tjóns vegna rangrar meðhöndlunar eða utan að komandi aðstæðna.